



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2024

BLÓM4D10  
Blómaskreytingar Verklegt 1V

Kennarar:	Bryndís Eir Þorsteinsdóttir og Valgerður Jóns Guðjónsdóttir
-----------	---


**Áfangalýsing:** Nemendur læra áfram um þau viðfangsefni sem fjallað var um á fyrri önnum og þekking þeirra dýpkuð. Farið er meira í mismunandi útfærslur blómvanda og skreytinga. Unnið er að flestum gerðum útfararskreytinga og brúðarskreytinga og æfðar helstu útfærslur þeirra, reglur og rétt handbrögð. Nemendur læra um skreytingar í kirkjum og sölum s.s. gólfskreytingar, veggskreytingar, púltskreytingar og sviðsskreytingar. Haldið er áfram að þjálfa nemendur í markvissri vinnu út frá teikningum, sjálfstæðum vinnubrögðum og eigin sköpun

**Undanfari:** BLÓM3BC02 (Blómaskreytingar III bóklegt), BLÓM3VC11 (Blómaskreytingar III verklegt)

**Þekkingarviðmið** - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Tækni við hönnun og gerð flestra tegunda blómaskreytinga.
- Þeim aðferðum, litum, stíltegundum og uppbyggingaraðferðum sem notaðar eru í blómaskreytingum .
- Mismunandi gerðum blómaskreytinga s.s. borðskreytinga, útfararskreytinga, brúðarskreytinga og salarskreytinga.
- Hvernig útbúa á skissur og teikningar af skreytingum og sölum.
- Hvaða skreytingar eru við hæfi við mismunandi tilefni.

Nauðsyn þess að vinna ávallt af fagmennsku og virðingu við hvert verk

**Leikniviðmið** - Nemandi skal hafa öðlast  í að:

- Hanna og útbúa flestar tegundir skreytinga með réttum aðferðum, litum, stíltegundum og uppbyggingaraðferðum.
- Gera skissur og teikningar af blómaskreytingum og útbúa skreytingar út frá þeim.
- Taka að sér sjálfstæð verkefni við mismunandi aðstæður og tilefni.
- Taka þátt í og stjórna hópvinnu um stærri skreytingaverkefni.
- Vinna ávallt af fagmennsku og virðingu við hvert verk.

## Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Ráðleggja öðrum um blómaskreytingar sem hæfa hverju tilefni fyrir sig, metið með rökstuðningi, kynningu, frágangi og verklagi.
- Hanna og útbúa flestar tegundir blómaskreytinga með stíltegundir og aðrar reglur fagsins að leiðarljósi, metið með kynningum, verklagi, verkskipulagi, frágangi og verklegu prófi.
- Ráðleggja öðrum um blómaskreytingar sem falla vel að þeim stíl sem er í umhverfinu hvort sem er innanhúss eða utanhúss eða sem tengjast sögu hönnunar og lista, metið með rökstuðningi, verklagi, frágangi og verklegu prófi.
- Geta tekið að sér sjálfstæð blómaskreytingaverkefni og tekið þátt í og stjórnað hópavinnu við stærri blómaskreytingaverkefni, metið með jafningjamati, rökræðum, rökstuðningi, samvisekusemi, verklagi, frágangi og verklegu prófi.
- Sýna frumkvæði, sjálfstæða og skapandi hugsun, sjálfstæð vinnubrögð og vinna af fagmennsku og virðingu við hvert verk sem metið er með verklagi, vinnuframlagi, samskiptahæfni, samvisekusemi, frágangi og verklegu prófi.
- Beita faglegri rýni á eigin vinnubrögð og annarra og rökræða innihald fagsins við aðra fagmenn á fagmáli greinarinnar, metið með rökræðum, rökstuðningi og framsetningu.

## Námsefni:

Binderi Teknik og námsefni frá kennurum.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	8.-31. Jan	Kennsla hefst 9. janúar. Upprifjun Unnið með skrautstíl og undirstíla.	
5 - 8	5. feb-29. feb	Formlínustíll	

<b>9 - 12</b>	4. mars-22. Mars  Páskafrí 25. Mars - 1. Apíl	Vaxtastíll	
<b>13 - 16</b>	2. apríl -30. Apríl	Upprífjun Námskeið 9. - 12. apríl Próf 17. apríl kl: 9 - 12	

**Sérreglur áfangans:**

**Nemendur þurfa að ná að lágmarki 4,5 í einkunn í verklega prófinu til að fá metið mætingu og virkni inn í loka einkunn.**

**Námsmat:**

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verklegar blómaskreytingar	Verklegt próf	80%
Virkni og mæting	Mæting og virkni í tímum	20%
Samtals		100%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Reykir, 8.janúar 2024

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Valgerður Jóns Guðjónsdóttir